

Ræða Tómasar Más Sigurðssonar, formanns Viðskiptaráðs Íslands Viðskiptaþing 2010 - Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?

Forsætisráðherra, félagar í Viðskiptaráði, og aðrir góðir gestir

Íslenskt atvinnulíf er í viðkvæmri stöðu um þessar mundir. Átján mánuðum eftir hrun íslenska bankakerfisins er ljóst að afleiðingar þess eru verulegar, og teygja sig um alla anga samfélagsins. Það hefur gengið illa að blása lífi í atvinnulífið að nýju, stöðugt fleiri fyrirtæki verða gjaldþrota og fjöldamörg störf hafa tapast. Slíkar aðstæður kalla á spurningar um hvert við stefnum og ein þeirra er einmitt yfirskrift Viðskiptaþings í ár – *Á íslenskt atvinnulíf sér framtíð?*

Það eru einkum tvær ástæður fyrir því að við þurfum að svara þessari spurningu.

Annarsvegar þarf að horfa til afleiðinga bankahrunsins á rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem veга verulega að framtíðargrundvelli þeirra. Hinsvegar, og ekki síður mikilvægt, eru uppi áleitnar spurningar um framtíð atvinnurekstrar vegna þess viðhorfs til atvinnulífs sem gætir af hálfu stjórnvalda.

Þær aðgerðir sem stjórnvöld boða til lausnar á vanda hagkerfisins vekja upp spurningar hvort þar á bæ skilji menn mikilvægi verðmætasköpunar og hagvaxtar. Á stundum mætti jafnvel ráða af umræðunni að stór hluti atvinnulífs sé annað hvort talinn óþarfur eða óæskilegur. Samskipti atvinnulífs og stjórnvalda hafa um of einkennst af tortryggni og takmörkuðum samstarfsvilja. Undir þessum kringumstæðum er ekki óeðlilegt að forsvarsmenn atvinnurekstrar á Íslandi spyrji um framtíð og hafi af henni nokkrar áhyggjur.

Samræmdir hagsmunir og mikilvægi hagvaxtar

Verkefnin sem hvílt hafa á herðum stjórnvalda frá hruni bankanna eru bæði mörg og flókin. Um það er ekki deilt. Þau snerta alla fleti hagkerfisins, ekki eingöngu atvinnulífið. Heimilin í landinu hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum, sem ekki sér enn fyrir endan á. Atvinnuleysi er umtalsvert, verðlag hefur hækkað, laun staðið í stað, skattar hækkað og skuldastaða stórversnað. Með veikingu krónunnar hefur líf skjörum á Íslandi hrakað og eru þau nú hvergi nærri því sem gerist í þeim löndum sem við alla jafna miðum okkur við.

Mikill kostnaður féll á ríkissjóðs vegna hruns bankanna og samhliða lækkuðu skatttekjur verulega vegna samdráttar í hagkerfinu. Árin á undan hafði rekstur hins opinbera þanist hratt út og því standa stjórnvöld frammi fyrir miklum áskorunum í ríkisfjármálum. Og við þeirri áskorun verður ekki brugðist nema með aðgerðum sem beint eða óbeint skerða líf skjör okkar allra. Það er ekki auðvelt verk.

Góðir fundargestir. Yfirskrift Viðskiptaþings gæti einnig hljómað svona: „Munu lífskjör á Íslandi batna?“

Þrátt fyrir að hér sé vísað beint til hagsmuna heimila og fjölskyldna er inntak spurningarinnar það sama. Ástæðan er einföld. Efnahagslífinu má líkja við vistkerfi þar sem tilvist einnar einingar byggir á afkomu annarra. Heimilin eru uppspretta fjármagns, vinnuafis, hugmynda og neyslu. Án þeirra verður ekkert atvinnulíf. Að sama skapi þurfa heimilin á atvinnu að halda til að afla sér efnahagslegra lífsgæða. Á þessu samspili hvílir svo rekstur hins opinbera. Eftir því sem lífskjör heimila batna og tekjur fyrirtækja aukast, þeim mun betur gengur að standa undir sameiginlegri þjónustu og því velferðarkerfi sem við Íslendingar sækjumst eftir. Hringrás hagkerfisins er augljós.

Í kjölfar fjármálakreppunnar er óhætt að segja að vistkerfið hafi orðið fyrir verulegum skakkaföllum. Til að lágmarka skaðann er nauðsynlegt að huga að því hvernig mismunandi einingar þess vinna saman. Næring okkar vistkerfis er aukin framleiðni og verðmætasköpun, sem í daglegu tali er nefndur hagvöxtur. Einungis með hagvexti stuðlum við að varanlegum bata á öllum sviðum kerfisins. Þannig verður okkur kleift að skapa störf fyrir þær fjölmörgu vinnufúsu hendur sem nú sitja eftir án atvinnu, mynda sterka og varanlega skattstofna og móta rekstrarumhverfi sem dregur til sín nauðsynlega fjárfestingu og viðheldur mannaði.

Fjármál hins opinbera eru grundvöllur endurreisnar

Einn stærsti áhrifavaldurinn á rekstrarumhverfi fyrirtækja er starfsemi hins opinbera. Með því að bjóða upp á hagfellt skattaumhverfi, halda umsvifum hins opinbera innan skynsamlegra og sjálfbærra marka og efla innviði samfélagsins, hafa stjórnvöld afgerandi áhrif á hvata fólks, fjármagns og fyrirtækja til að velja Ísland fram yfir önnur lönd.

Lausn á skuldavanda og rekstrarhalla ríkissjóðs mun ákvarða samkeppnishæfni íslenska hagkerfisins til framtíðar. Verði umsvif í hagkerfinu eða árangur aðhaldsaðgerða ekki í takt við áætlanir neyðast stjórnvöld til að herða sultarólina með enn sársaukafyllri aðgerðum. Ennfremur er ljóst að blómlegt atvinnulíf mun aldrei þrífast í hagkerfi þar sem stjórnvöld hafa misst tókin á ríkisfjármálum og greiðsluprot blasir við. Ef stjórnvöld ná aftur á móti að snúa við taflinu og leysa aðsteðjandi vanda munu aðrir grunnþættir endurreisnarinnar fylgja í kjölfarið. Þannig má efla lánshæfismat hagkerfisins, stuðla að auknum trúverðugleika krónunnar, ýta undir fjármagnsflæði til landsins og efla þannig grundvöll atvinnustarfsemi. Allt dregur þetta úr áhættustigi og vaxtakostnaði og stuðlar að enn frekari bata hagkerfisins.

Viðskiptaráð hefur lagt áherslu á að meginmarkmið stjórnvalda í öllum sínum aðgerðum ætti að vera að valda sem minnstri röskun á umsvifum hagkerfisins – næg eru vandamálin fyrir. Þetta verður best gert með aukinni skilvirkni í ríkisrekstri, skarpari áherslum í þjónustuframboði hins opinbera og raunsæjum skattabreytingum. Stjórnvöld ættu ennfremur að setja efnahagslegan bata hagkerfisins í forgang, frekar en umfangsmiklar kerfisbreytingar til að ná fram pólitískum markmiðum. Hingað til hafa aðgerðir stjórnvalda í skattamálum valdið vonbrigðum.

Misráðnar aðgerðir stjórnvalda

Íslenska skattkerfið, sem á síðastliðnum áratug var orðið mjög samkeppnishæft, hefur nú verið umturnað á skömmum tíma. Aukið flækjustig, meiri kostnaður, hærri jaðarskattar, minni hvati til verðmætasköpunar, lakara fjárfestingarumhverfi, hærri vaxtakostnaður, og aukin hætta á skattaundanskotum eru allt fylgifiskar þeirra breytinga sem stjórnvöld hafa ráðist í.

Í könnun sem Viðskiptaráð lét gera meðal atvinnurekenda fyrir þingið okkar hér í dag kemur fram að forsvarsmenn um helmings allra fyrirtækja telja að skattabreytingar stjórnvalda muni leiða til fækkunar starfsfólks innan síns fyrirtækis á komandi misserum. Það verður því ekki betur séð en að þessi skattastefna stjórnvalda muni skila þveröfugri niðurstöðu og hrekja burt fjármagn og verðmætt vinnuafli. Ef endanlegt markmið stjórnvalda er að verja líf skjör í landinu verða þau að sýna meiri framsýni í skattastefnu sinni.

Þar sem ég er að gagnrýna fyrirliggjandi breytingar er rétt að benda á hvað betur mætti fara. Í stað þeirra gagngeru breytinga sem nýlega komu til framkvæmda hefðu stjórnvöld átt að setja sér einfalt markmið um að hér yrðu engir nýir skattar lagðir á. Með því væri hinsvegar ekki útilokað að stjórnvöld auki skatttekjur með skattahækkunum á fyrirliggjandi stofnum.

Að sama skapi er ljóst að stjórnvöld ættu að leggja mun ríkari áherslu á hagræðingu í rekstri ríkissjóðs. Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á hversu illa hefur tekist að hemja útpenslu hins opinbera á undanförunum árum. Á síðusta áratug hafa útgjöld ríkissjóðs vaxið um 50% að raungildi. Á sama tíma hefur ríkisstarfsmönnum fjölgað um 30%, starfsfólki í opinberri stjórnsýslu um 55% en störfum á almennum vinnumarkaði hefur einungis fjölgað um 3%. Samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í október stefnir í að heildarútgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu nemi 57% árið 2009 og verða þá þau hæstu innan OECD. Þetta er þrátt fyrir að hið opinbera þurfi ekki að standa undir útgjaldaliðum sem vega þungt hjá öðrum löndum, s.s. rekstri hervarna og fjármögnun lífeyrissjóða.

Í fjárlögum ársins 2010 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði þau sömu og lagt var upp með í fjárlögum ársins 2009. Þrátt fyrir að talsverðar innbyrðis breytingar eigi sér stað á milli útgjalda er ljóst að stjórnvöld stíga mjög hóflega til jarðar við niðurskurð. Á sama tíma hefur átt sér stað veruleg aðlögun hjá einkageiranum sem endurspeglast best í stórfelldu atvinnuleysi, 60% falli í fjárfestingum einkaaðila, hraðri rýrnum kaupmáttar, fólksflóttu frá landinu og auknum fjölda gjaldþrota. Skattahækkanir stjórnvalda munu seint stuðla að viðsnúningi í þessum efnunum. Aðlögunin hefur því í meginráttum farið fram innan einkageirans og verulega hefur verið vegið að jafnvægi almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Án þess að lítið sé gert úr hversu sársaukafullar nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir verða, er rétt að draga fram að margvísleg tækifæri felast í endurskoðun ríkisfjármála. Umtalsvert svigrúm er til hagræðingar í útgjaldaliðum sem ættu að hafa takmörkuð áhrif á efnahagsleg umsvif og velferð. Í þeirri aðlögun sem framundan er ætti áherslan að vera á óskilvirkar millifærslur og fitulög sem myndast hafa í opinberum rekstri á undanförunum árum. Stjórnvöld geta með góðu móti staðið vörð um útgjöld sem viðhalda almennri velferð, öflugum menntakerfi og mikilvægum menningarverðmætum sem tengjast sérstöðu okkar sem þjóðar, en á sama tíma eytt út framlögum sem eingöngu þjóna sérhagsmunum.

Tillögur í þessa átt sjáið þið á borðunum fyrir framan ykkur í skýrslu sem ber heitið *Fjármál hins opinbera - aðrar leiðir færar*. Í henni má finna ítarlega greinargerð um þróun ríkisfjármála undanfarin ár, galla á skattabreytingum og mögulegar leiðir að því marki að koma á jöfnuði ríkisfjármála og tryggja áfram velferð í íslensku samfélagi. Með skýrslunni vonast Viðskiptaráð til að leggja lóð á vogarskálarnar í því verkefni sem framundan er í hagræðingu hjá ríki og sveitarfélögum.

Óvissan er stærsti vandinn

Í hinni skýrslu þingsins, sem ber sama heiti og þingið sjálft, er gerð grein fyrir viðhorfum atvinnulífsins til núverandi rekstrarumhverfis. Þessu til stuðnings var fléttað inn niðurstöðum úr könnun sem Capacent Gallup vann fyrir okkur, þar sem könnuð var afstaða forsvarsmanna fyrirtækja til helstu áskorana í rekstri.

Af niðurstöðunum má sjá að vandamálin liggja víða. Umfram allt er þó ljóst að fyrirtæki geta illa búið við þá viðvarandi óvissu sem hér ríkir á flestum sviðum. Áskoranir sem forsvarsmenn fyrirtækja hafa greint frá í samtölum við Viðskiptaráð, og í áður nefndri viðhorfskönnun, tengjast óvissu með einum eða öðrum hætti.

- Hér ríkir mikil tvísýna um framvindu í ríkisfjármálum og greiðslugetu ríkissjóðs í framtíðinni. Afleiðingin er algjör óvissa um þróun í skattamálum.
- Staða peningamála er í uppnámi. Raunveruleg stefna um hvort taka eigi upp annan gjaldmiðil eða viðhalda krónunni er ekki til staðar og málefnaleg umræða um framtíðarleiðir á sér ekki stað. Á meðan búa fyrirtæki við gjaldeyrishöft, háa vexti og ófyrirsjáanlega verðbólgu.
- Alger óvissa ríkir um aðgang fyrirtækja að fjármagni, til skemmri og lengri tíma.
- Endurskipulagning fyrirtækja í skuldavanda veldur mikilli óvissu í rekstar- og samkeppnisumhverfi. Áhrifin innan þeirra fyrirtækja þar sem skuldaúrvinnslan fer fram eru augljós, en ferlið skapar ekki síður óvissu hjá samkeppnisaðilum þeirra. Mikið vantar upp á samræmingu, gagnsæi og skýra stefnu í þessum efnum.
- Þá hafa stjórnvöld aukið verulega á óvissu og skapað ný vandamál með íhlutun sinni í einstökum atvinnugreinum. Ber þar helst að nefna sjávarútveginn en ljóst er að áætlanir um fyrningaleið setja framtíðargrundvöll þessarar mikilvægustu útflutningsgreinar landsins í fullkomið uppnám.
- Handahófskenndar ákvarðanir stjórnvalda vegna orkuframkvæmda hafa að sama skapi ekki verið til þess fallnar að auka vilja til fjárfestingar í þessum geira..
- Að lokum hafa ýmis pólitísk deilumál, sem ekki gengur að ljúka, skapað umtalsverða óvissu. .

Það má því segja að stærsta verkefni stjórnvalda nú til skamms tíma felist í að draga úr óvissu. Það verður best gert með því að skerpa og kynna áætlanir um úrlausn þeirra vandamála sem hér voru upp talin. Ýta verður til hliðar metnaði til hugmyndafræðilegra sigra svo tekið sé undir orð fjármálaráðherra frá því fyrir um ári síðan.

Samstaða lykilatriði

Fyrir tæpu ári síðan hélt forsætisráðherra erindi á Viðskiptaþingi 2009 sem haldið var undir yfirskriftinni “Endurreisn hagkerfisins – horft til framtíðar”. Í erindi sínu benti hún á þá ríku ábyrgð sem viðskiptalífið ber á þeim vanda sem við er að etja. Starfsemi þeirra hafi einkennst um of af áhættusækni og óhófi sem leiddu til þess að mörg fyrirtæki misstu fótanna. Undir þetta tek ég. En varast ber að fella allt atvinnulíf undir sama hatt líkt og rík tilhneiging virðist vera til. Að sama skapi hljóta stjórnvöld að líta í eigin barm þegar virðist sem ýmislegt megi betur fara á þeim bænum.

Í ræðu sinni lagði forsætisráðherra áherslu á að viðskiptalífið sýndi samfélagslega ábyrgð og legði sitt af mörkum við endurreisn hagkerfisins. Ennfremur ætti að tryggja báðum kynjum aðkomu að stjórnun í viðskiptalífi og þeirri uppbyggingu sem framundan væri. Að lokum hnykkti ráðherra á því að ábyrg fyrirtæki skapi öflugt atvinnulíf sem aftur væri forsenda velferðar samfélagsins. Stjórnvöldum bæri því að styðja við atvinnulífið með heilbrigðu efnahagslegu umhverfi.

Á því tæpa ári sem liðið er frá síðasta Viðskiptaþingi tel ég atvinnulífið hafi heilt yfir sýnt það í verki að það hafi hlustað á ráðherra og sé tilbúið að leggja sín lóð á vogarskálarnar. Gerð stöðugleikasáttmálans markar mikilvægt skref til endurreisnar, en slíkt frumkvæði aðila vinnumarkaðarins er einsdæmi í alþjóðlegum samanburði. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi ekki staðið við sinn hluta samningsins voru kjarasamningar engu að síður framlengdir nú í haust til að koma í veg fyrir frekari óróa og óvissu í hagkerfinu.

Viðskiptaráð gaf út nýjar og endurbættar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja síðastliðið vor í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands. Á sama tíma undirritaði Viðskiptaráð Íslands ásamt fleiri hagsmunaaðilum úr atvinnulífinu samstarfssamning um að efla hlut kvenna í stjórnun. Frá upphafi fjármálakreppunnar hefur ráðið lagt áherslu á almenna upplýsingamiðlun – innanlands sem utan – og hvatt til gagnsæis og skilvirkari upplýsingaskila. Í allri útgáfu hefur Viðskiptaráð lagt áherslu á málefnalega og lausnadrifna umræðu með heildarhagsmunum að leiðarljósi.

Það er því óhætt að segja að atvinnulífið hafi sinnt tilmælum forsætisráðherra af þrótti, enda góðra gjalda verð. Það eru því vonbrigði hvernig samskiptum stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu hefur verið háttað á þessum sama tíma. Einstrengingsháttur, tortryggni og skortur á samstarfsvilja eru orð sem því miður lýsa ástandinu best. Svo virðist sem skilning skorti á hlutverki atvinnulífs og mikilvægi verðmætasköpunar og endurspeglast það í stefnu stjórnvalda undanfarið ár. Pólitískur skotgrafahernaður, fortíðarþráhyggja og persónulegir hagsmunir hafa ráðið ríkjum í störfum stjórnmalamanna og á það jafnt við um stjórn sem stjórnarandstöðu. Við stöndum á slíkum tímamótum að nú verða hagsmunir heildarinnar að ráða för og því verður illa búið við óbreytt ástand.

Ég tel að fundargestir geri sér fyllilega grein fyrir að málefnalegur ágreiningur getur ríkt á milli atvinnulífs og stjórnvalda. Það er engu að síður mikilvægt að skilaboðum frá atvinnulífinu sé tekið með uppbyggilegum hætti og þau nýtt til að styrkja það starf sem stjórnvöld vinna. Svo framarlega sem virk og upplýst skoðanaskipti eiga sér stað er líklegt að skynsamleg niðurstaða náist í erfiðum málum. Því er víðtækt samráð við hagsmunahópa og almenning, uppbyggilegt samstarf milli stjórnmalaflokka og

áhersla á heildarhagsmuni og málefnalega umræðu þau leiðarljós sem stjórnvöld ættu að fylgja í öllum sínum aðgerðum.

Trúverðugleiki og framtíðarsýn

Ágætu fundarmenn, spurningin sem þessu þingi var ætlað að svara er eftirfarandi:

“Á íslenskt atvinnulíf framtíð?”

Ég tel að svarið við þeirri spurning sé tvímælalaust já. Íslenskt samfélag og hagkerfi getur boðið upp á allt það sem nauðsynlegt er til að skapa grundvöll góðra lífskjara. Nýlega lýsti ágætur kollegi stöðunni þannig að íslenskt efnahagslíf hefði fallið fram af bjargbrún en lent á syllu. Nú væri bara spurning hvort við myndum daga uppi á syllunni eða takast að klifra aftur upp. Þessi myndlíking lýsir stöðunni vel. Þrátt fyrir að skaði heimila, atvinnulífs og ríkissjóðs af efnahagshruninu sé umtalsverður eru bjargræðin til staðar.

Leiðin er hinsvegar ekki auðfarin, heldur krefst hún fórna, samstöðu og mikillar fyrirhafnar. Við viljum tryggja að Ísland verði ekki eingöngu dæmisaga um það hvað beri að varast, heldur einnig dæmi um það hvernig megi vinna sig hratt og vel úr jafn umfangsmiklu efnahagsáfalli og við er að glíma.

Ísland stendur á krossgötum. Efnahagur þjóðarinnar riðaði til falls og enn hriktir í stoðunum. Okkar vandi er umtalsverður, og ekki síst tilkomin vegna afleiðinga efnahagshrunsins. En vandinn er líka af öðrum toga og kannski sínu alvarlegri. Hann er sá, að við sköpum sífelld úlfúð og tortryggni hér heima á Íslandi, bæði um innanríkishagsmuni sem og aðra. Slíkur ágreiningur mun engu skila öðru en hægari bata. Íslenskt atvinnulíf vill ekki taka þátt í slíkum darraðadans, heldur er það skoðun okkar að íslensk þjóð muni aðeins komast upp úr öldudalnum með sameiginlegu átaki hugvits, nýsköpunar, rannsókna og framleiðslu, hvernig og hvar sem er. Ísland er eyja, en einangruð erum við ekki. Um leið og við gefum eftir í samkeppnisstöðu þjóðarinnar töpum við lífskjörum til lengri og skemmri tíma. Það skulum við aldrei láta henda okkur.